

# Pési



## Lesið þetta

- Gleymum ekki tækifærunum
- Auglýsingar
- Fréttir
- Kvenfélagið
- Flúðaskóli

Næsti Pési kemur út 13.nóv. Skil á efni er 10. nóv

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
ZERO	8
Flúðaskóli 80 ára	12
Kvenfélagið	15

**Okt 2009**

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Ísólfr Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 231. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600

Flúðir.Myndin tekin af Miðfelli 30 sept sl. Ljós:Guðný Arngríms



## Ungt fólk í heimsókn á hreppsskrifstofu

Það er alltaf ánægjulegt að fá heimsóknir unga fólksins í hreppnum okkar hingað á hreppsskrifstofuna. Nemendur úr sjötta bekk komu hér á dögunum og voru að vinna samfélagsverkefni. Að verkefninu loknu munu þau kynna það fyrir kennara sínum og jafnvel fyrir okkur hér á hreppsskrifstofunni. Ungu fólkíð er framtíðin og er alveg ljóst að þarna leyndust verðandi sveitarstjórnarmenn, Alþingismenn, stórbændur og hvaðeina.

UPPSKERUHÁTÍÐ Í HRUNAMANNAHREPPI  
19. september 2009



Dóra og Margrét með hluta af framleiðsluvörum sínum á Laugalandi, en lista-smiðjan þeirra heitir “Leikur að list”

Kristín M Ágústsdóttir var með tónleika á Útlaganum. Hörður Friðjónsson lék undir á gítar



Kúabændurnir, Páll í Núpstúni, Gunnlaugur í Miðfelli og Sigríður á Fossi á vaktinni í “beljubásnum” á Uppskeruhátíðinni

Gleymum ekki tækifærunum!

Nú er eitt ár liðið frá efnahagshruninu á Íslandi. Efnahagshrunið bitnar að fullum þunga á fjölskyldum landsins, ungum sem öldnum, fyrirtækjum, sveitarfélögum svo ekki sé minnst á ríkissjóð. Það er furðulegt til þess að vita að örfáir einstaklingar hafi í gegnum einkafyrirtæki getað veðsett heila þjóð og riðlað öllu sem eðlilegt getur talist í fjármálalífi heillar þjóðar. Meðan námsmenn þurftu að fá foreldra og jafnvel afa og ömmu til þess að ábyrgjast námslánin sín, voru örfáir jakkaklæddir gæjar og píur með krumlurnar í ýmsum sjóðum bankanna, tóku stór lán án þess að leggja fram nokkur veð, og sumir hafa komist upp með að segja að 500.000.000 væru sparifé sem liðlega fertugu fólki hafi tekist að öngla saman með nægjusemi og ráðdeild, en það var svona vissara að hafa þetta í sérstöku einkahlutafélagi til þess að þurfa örugglega ekki að bera ábyrgð á ráðdeildarseminni. Við vorum óskaplega ánægð og þakklát fyrir að rúsínupakkinn var 5 krónum ódýrari í verslunardejuni sem hefur yfir 60% markaðshlutdeild í dagvöruverslun á Íslandi en á hinum endanum veðsettu eigendurnir verslunardejunnar okkur fyrir 500 kr. meðan að tölvan nam strikamerkið af rúsínupakkanum. Nú standa þessir sömu menn í vegi fyrir því að eðlileg samkeppni geti blómstrað á matvörumarkaðnum. Allir eru hrifnir af frelsi en frelsinu þarf að fylgja ábyrgð og það þarf að setja leikreglur áður en keppnin fer af stað. Þó svo að enn hafi ekki reynt fyrir alvöru á efnahagshrunið í okkar hreppi hefur það engu að síður mikil áhrif á afkomu og starfsemi sveitarfélagsins þar sem við vorum m.a. með erlend lán frá árinu 2004 sem reyndar komu afar vel út fram að hruni. Því má ekki gleyma. Á sama hátt hafa áform okkar í orku-málum frestast um tíma, þó ljóst sé að borholan í landi Kópsvatns eigi eftir að skila okkur mikilli orku í framtíðinni. Við höfum ráðist í framkvæmdir m.a. í fráveitumálum sem eru einnig framtíðarverkefni og nýtast okkur í dag og um langa framtíð. Við höfum endurskoðað fjárhagsáætlun okkar og var hún samþykkt á síðasta hreppsnefndarfundi. Nú erum við að leggja drög að fjárhagsáætlun ársins 2010 og er ekki ólíklegt að við verðum að draga saman seglin enn frekar. Við treystum því að íbúar hreppsins hafi skilning á því. En við treystum á að öll el styttr upp um síðir. Við getum alltént verið stolt af matvælaframleiðslu í hreppnum, vaxandi ferðþjónustu og að enn er næg atvinna hér um slóðir bæði hjá faglærðum og ófaglærðum. Þá eru einstaklingar að undirbúa framtíðarverkefni eins og Björn í Garði, félagarnir í Byggð á Brikum, Trogsmenn svo ekki sé talað um þá fulltrúa sem vinna af krafti að því að heilsuþorp megi rísa á Flúðum. Margar snjallar hugmyndir eru í gangi sem ekki er hægt að opinbera en eru allrar skoðunar virði. Það er e.t.v. lýsandi dæmi um mismunandi hugsunarhátt á höfuðborgarsvæðinu og í dreifbýlinu að nú er mikið rætt um sultugerð, sláturgerð, kartöfluræktun og ýmislegt til þess að undirbúa okkur undir veturinn. En þetta er nú bara svoltið sem landsbyggðarfólk hefur gert í gegnum tíðina og þykir ekkert sérstaklega merkilegt. Efnahagshrunið leiðir væntanlega til nýrrar hugsunar, við höfum e.t.v. ekki efni á því að kaffihúsa-spekúlantar komi í veg fyrir framfarir á landsbyggðinni meðan þeir njóta lífsins í manngerðu umhverfi höfuðborgarinnar. Við megum aldrei missa sjónar á fjölmörgum tækifærum sem eru handan við hornið.

## Nágrannavarsla

Eins og fram kom í síðasta Pésa er mikið rætt um nágrannavörslu. Sú hugmynd er spröttin upp af þjófagengjum sem hafa gert okkur lífið leitt hér í uppsveitum Árnessýslu og víðar. Þannig hefur verið brotist inn í gróðurhús, félagsheimilið, Útlagann o.fl. staði. Einnig hafa verið unnin hér ýmis spellvirki þannig hafa verið skemmd skilti hér og nú síðast voru einhverjir sem gerðu sér lítið fyrir og brenndu heilu upplagi Morgunblaðsins sem lá fyrir framan Verslunina Strax og það áður en Morgunblaðsmenn réðu sér nýjan ritstjóra. Um mánaðarmótin héldu fulltrúar Sölufélags Garðyrkjumanna fund um þessi mál með sveitarstjórum Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps. Sveitungarnir eru beðnir að vera vel á verði, ræða öll þessi mál og gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma í veg fyrir þennan ófögnuð.

## Vefur Hrunamannahrepps í endurnýjun

Ýmislegt getur gerst í tækniheiminum. Þannig gerðist það í vor að vefurinn okkar hrundi eins og það er kallað. Við höfum verið í óða önn að endurnýja hann og koma í sem nútímalegast form. Á vefnum er núna mikið af myndum frá ýmsum uppákomum sumarsins. Okkur þykir mjög vænt um það þegar fólk sendir okkur myndir eða upplýsingar sem íbúum þykir ástæða til þess að birta. Við stefnum að því að allar hugsanlegar upplýsingar um sveitarfélagið og það, sem er að gerast í Hrunamannahreppi birtist á síðunni. Eru fyrirtækjæigendur og formenn félaga í sveitarfélaginu sérstaklega hvattir til að senda okkur upplýsingar um starfsemi sína vilji þeir að þær upplýsingar birtist á vefnum.

## Lausir hundar

Stundum er talað um að hundar séu bestu vinir mannsins. Víst er að hundar eru oft á tíðum dásamlegar skepnur sérstaklega í augum eigenda sinna. Hins vegar verða hundaeigendur að taka tillit til þess að bannað er að lausir hundar sprangi um þéttbýlið á Flúðum. Það felst enginn sérstakur vinarhugur í því þegar hundar leggja af sér ullakoj, eins og börnin kalla það, í görðum nágrannanna eða á gangstéttum. Tökum saman höndum og pössum uppá að hundar gangi ekki lausir hér á Flúðum. Vestfirðingurinn knái, Hjálmar Gunnarsson er hundafangari hér um slóðir og er í síma 893 2995

Viðvera oddvita á Skrifstofu Hrunamannahrepps er  
á mánudögum frá kl:10:00-12:00

## **Glæsileg uppskeruhátíð**

Loks varð að veruleika að halda uppskeruhátíð hér í Hrunamannahreppi. Um miðjan september var haldinn glæsileg uppskeruhátíð hér í hreppnum sem tókst í alla staði mjög vel. Ásborg Arnþórsdóttir, ferðafulltrúi hélt utan um starfið en mjög margir heimamenn komu að undirbúningnum og var um ákveðið grasrótastarf að ræða og vert er að þakka þeim fjölmörgu sem komu að því að skipuleggja og taka þátt í hátíðarhöldunum. Fólki þykir afar skemmtilegt að sjá hverjir standa fyrir framleiðslu matvöru og tóku margir bændur þátt í að kynna framleiðsluvöru sína. Það má í raun segja að uppskeruháðiðin sé beint framhald af bændamarkaðnum sem hér var starfræktur í sumar af þeim Esther Guðjónsdóttur og Hönnu Láru Bjarnadóttur. Tónleikar Kristínar Magdalenu vöktu mikla athygli sem og velsótt guðþjónusta í Hrunakirkju. Kvenfélagið bauð uppá kaffi og pönnukökur sem runnu út eins og heitar lummur og talið er að á annað þúsund lummur hafi glatt bragðlauka gestanna. Þá vakti sýning Sigurðar Sigmundssonar verðskuldaða athygli en Sigurður átti þrjár forsíðumyndir í sömu vikunni en það var í Morgunblaðinu, Sunnlenska og Bændablaðinu. Þetta er væntanlega Íslandsmet! Einnig hafði fólk gaman af að heimsækja þá fjölmörgu sem fást við listsköpun hér um slóðir og opnuðu verkstæði sín sem og að heimsækja Sólheima þar sem gestir gátu skoðað allt frá fallegum húsdýrum til einstakra bifreiða, en á dögnum birtist forsíðumynd í Séd og heyrt af Esther og rjómagula Cadilaknum!

## **Skreytingar í Hrunakirkju**

Glöggur lesandi Pésans vildi koma á framfæri þakklæti fyrir skemmtilega skreytingu í Hrunakirkju í þakkargjörðarguðþjónustunni en þær stöllur Sigríður í Laxárhlið og Ragnildur Þórarinsdóttir sýndu þarna hve smekklegar og hugmyndaríkar þær eru. Reyniberin frá Sigríði Helgu gerðu skreytingarnar enn fegurri. Þá var athyglisvert að Sr. Eiríkur Jóhannsson rifjaði upp gamalt messuform og var greinilegt að kór eldri borgara sem söng í athöfninni kunnir því afar vel. Á vef Hrunamannahrepps má sjá margar fallegar myndir frá þessu og er vert að þakka Guðjóni Emilssyni og fleirum fyrir þær myndir.

## **Árlegt kennaraþing**

Árlegt kennaraþing Kennarasambands Suðurlands var haldið að Flúðum í lok síðasta mánaðar. Þingið tókst með ágætum og eru kennararnir nú enn sprækari eftir þingið og var vart á það bætandi. Einnig var haldið þing leikskólakennara og starfsfólks leikskóla á dögnum. Þing sem þessi leiða til þess að fagfólk kynnist og skiptist á skoðunum og margskonar fræðslu.

## **Hrepphólakirkja 100 ára**

Sunnudaginn 11. október var haldið uppá eitthundrað ára afmæli Hrepphólakirkju með guðþjónustu. Séra Sigurður Sigurðarson vígslubiskup Skálholtsstiftis prédikaði. Eftir messu var boðið til kaffisamsætis í Félagsheimilinu. Ljóst er að þegar horft er 100 ár til baka hefur mikið verið lagt í þetta fallega guðshús sem setur svip sinn á hreppinn okkar eins og reyndar Hrunakirkja gerir líka. Oft má skynja menningu og metnað byggðarlagana út frá því hvernig er hugsað um kirkjurnar. Báðar þessar kirkjur bera vitni um að vel er um þær hugsað og er mikill menningarbragur af þeim. Ekki má heldur gleyma fallegu litlu kirkjunni í Tungufelli sem er barn síns tíma og táknræn fyrir þann tíma þegar hún er reist.

## **Samningur Hrunamannahrepps og Byggðar á Bríkum**

Skrifað hefur verið undir samning annars vegar milli eigenda Byggðar á Bríkum þeirra Árna og Guðmundar Hjaltasona og Páls Guðmundssonar og Hrunamannahrepps hins vegar. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi í landi Sunnuhlíðar og þar verði um 130 íbúðir þegar hverfið verður full byggt. Þarna eru miklir framtíðarmöguleikar fyrir þéttbýlið á Flúðum og er verkefnið spennandi en hefur tafist m.a. vegna efnahagshrunsins á Íslandi. Guðrún Emilsdóttir er hafsjór af fróðleik um örnefni á okkar svæði. Bríkur eru gamalt örnefni í Sunnuhlíðarlandinu. Hún benti okkur einnig á örnefnið Austurhof, sem ritstjóri Pésans kallaði lengi Tómasarhaga, þar sem Tómas Þórir er næsti nágranni Austurhofsíbúanna.

## **Listakonur í Ráðhúsi Reykjavíkur**

Mikil lista- og hönnunarsýning verður í Ráðhúsi Reykjavíkur um næstu mánaðarmót. Við búum svo vel að eiga þar tvo listamenn sem sýna listmuni sína. Önnur þeirra er Sigríður Helga Olgeirsdóttir í Hruna en hin er Erna Óðinsdóttir sem er að hanna og sauma einstaklega fallegan klæðnað. Það eru ekki mörg byggðarlög sem geta státað sig af slíkum listakonum. Erna hannar vöru undir merkinu KURL og er með flotta vinnustofu í Hvammi. Það er ánægjulegt þegar ungt fólk getur skapað sér atvinnu og hannar jafn glæsilegar flíkur og Erna gerir. Henni til aðstoðar á vinnustofunni er Alina Elena Balusanu kona Magnúsar í Haukholtum sem er lærð saumakona.

## Mikið um fundi

Haustið er mikill fundartími hjá hreppsnefndarmönnum og sveitarstjóra. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var í upphafi þessa mánaðar. Framundan er ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Höfn í Hornafirði en þá eru einnig haldnir aðalfundir Skólaskrifstofu Suðurlands, Heilbrigðis-efirlits Suðurlands, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Þar verður væntanlega fjallað áfram um sorpurðunarmálin sem við vonum enn að leysist með þeim hætti að áfram megi urða í landi Kirkjuferjuhjáleigu – þetta er þó óljóst enn. Við megum alls ekki til þess hugsa að allt sorp á Suðurlandi verði flutt til Reykjavíkur til urðunar. Einnig er framundan fundur Héraðsnefndar, umhverfisþing og margt fleira mætti nefna.

## Hjalti öflugur í félagsmiðstöðinni Zero

Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Zero er í fullum gangi og hefur hún m.a. aðstöðu í Félagsheimili Hrunamanna. Nýlega opnaði félagsmiðstöðin vefsíðu þar sem nálgast má allar upplýsingar um starfsemina og lesa fréttir um það sem efst er á baugi. Slóðin er: <http://zero.fludir.is>. Starfsemin er samvinnuverkefni Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Forstöðumaður er Hjalti Sigurðsson.

## Handverksfólk athugið!

### *Þrjónakaffið* byrjar aftur!

*Þrjónakaffið* vinsæla, sem haldið hefur verið á Kaffi Grund, flyst yfir í handmenntastofu Flúðaskóla.

Allt áhugafólk um hvers konar handverk, velkomið. Frábær aðstaða sem við fáum í skólanum.

Komum saman og miðlum hvert öðru af hugmyndum og reynslu og hefjum handverk af öllum toga til vegs og virðingar.

Fyrsta þriðjudag hvers mánaðar  
kl. 20.00.

Hittumst næst þriðjudaginn 3. nóvember.

Heitt á könnunni:)

Í handmenntastofu Flúðaskóla

á annarri hæð

íþróttahússins (gamla leikskólanum).

Með kveðju

frá áhugafólki um handverk.

Frá Félagsmiðstöðinni Zero

### **Húsnæði og aðstaðan**

Zero hefur flutt í nýtt húsnæði í Félagsheimili Hrunamanna. Á næstu misserum verður unnið að því að byggja frekar upp aðstöðu til afþreyingar, frístundaiðkunar og kennslu í félagsmiðstöðinni en slíkt tekur tíma og verður aðstaðan því fátægleg til að byrja með.

Unglingaráð Zero auglýsir eftir notuðum húsgögnum, hillum og öðrum hlutum sem nýtast mættu félagsmiðstöðinni sem gætu legið ónotaðir hjá einhverjum. Nánari upplýsingar hjá unglingaráði og forstöðumanni.

### **Stærri atburðir og ferðir**

**Hæfileikakeppni Zero** fer fram í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum föstudaginn 16. október og hefst hún kl. 18:00. Alls eru 19 atriði skráð í keppnina en úr tónlistaratriðum verður framlag Zero valið fyrir söngvakeppni Samfés. Eftir keppnina verður diskótek sem stendur til kl. 24:00 og eftir það verður Nótt í féló fyrir þá sem vilja. Akstur verður frá Árnesi og Brautarholti og til baka eftir diskótek og Nótt í féló. Allir eru velkomnir á keppnina en miðaverð er aðeins 500 kr. en allur ágóði af keppninni rennur til uppbyggingar félagsmiðstöðvarinnar.

### **Tvennan, tónleikar í Þykkvabæ**

Félagsmiðstöðin Hellirinn, Flugbjörgunarsveitin á Hellu og Lýðheilsustöð standa fyrir vímulausum tónleikum í þróttahúsinu á Hellu þriðjudaginn 3. nóvember kl. 19:30-23:00.

Ingó og Veðurguðirnir spila auk þess að fulltrúar félagsmiðstöðvanna á Suðurlandi í söngvakeppni Samfés koma fram.

Fritt er á tónleikana en rútan mun kosta 800 kr. Skráning er hafinn í Zero

### **Landhlutakeppni Suðvesturlands**

Undanriðill söngvakeppni Samfés fyrir suðvesturland verður haldin í Garðabæ laugar daginn 14. nóvember undir stjórn félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar. Þar munu fulltrúar Zero keppast við aðrar félagsmiðstöðvar um laus sæti í lokakeppni söngvakeppninnar í mars.

Að keppninni lokinni verður glæsilegt ball og munum við síðan gista í Garðaskóla. Reynt verður að halda kostnaði í lámarki.

### **Opnunartímar Zero**

*gildir til 31.12.2009*

Í Zero:

Mánudagar kl. 15:00-20:00

Þriðjudagar kl. 15:00-20:00

Fimmtudagar kl. 15:00-18:00

Í Flúðaskóla:

Fimmtudagar kl. 18:00-22:00

Árnes/Brautarholt/Flúðir (*einu sinni í mánuði*)

Föstudagar kl. 15:00-24:00

### **Starfsfólk**

Zero leitar enn að starfsmönnum, um er að ræða vinnu nokkrum sinnum í mánuði á kvöldin og um helgar. Störfin felast í gæslu og/eða stjórnun frístundaklúbba.

Félagsmiðstöðin Zero

Netfang: [zero@fludir.is](mailto:zero@fludir.is)

Veffang: [zero.fludir.is](http://zero.fludir.is)





## *SS – Reiðtygi*

Í gegnum tíðina hefur maður aftur og aftur heyrt að SS – reiðtygin væru mjög góð, það er af því að ég kaupi yfirleitt gæða vörur af því að þær duga lengur ef þær hverfa ekki. SS er ekki vörumerki heldur stendur það fyrir “Simmi í Syðra - Langholti” og fyrst ég þarf að kaupa um það bil 25 nýja múla, beisli, mél og tauma á hverju vori er nokkuð mikið til af reiðtygjum merktum SS.

Vinsamlegast athugið í hesthúsum, bílskúrum og geymslum hvort þið finnið reiðtygi frá mér, jafnvel hnakka sem þið gætuð hafa fengið að láni í réttirnar um árið sem gleymst hefur að skila. Um daginn voru teknir í misgripum tveir vaðir til að hringteyma líklegast til að teyma upp á kerru eða eitthvað slíkt.

Undanfarin 5 ár hef ég að auki reynt að merkja allt með ljósbláu teipi en sumt er merkt svart/rautt.

Öllum er velkomið að skila dótinu og mæta í kaffibolla hjá mér í leiðinni en einnig get ég sótt hlutina.

Með fyrirfram þökk fyrir jákvæð og skjót viðbrögð.  
Kær kveðja Simmi í Syðra-Langholti s: 894-8974

## Í form fyrir jólin

Ætla að vera með 6 vikna námskeið núna fyrir jólin. Við hittumst á sunnudögum og púlum saman, prógramm fyrir hvern og einn ásamt kennslu/upprifjun á tækin, matarráðgjöf og matardagbók ásamt mælingum og þolprófi í upphafi og lok námskeiðsins.

Ekki seinna vænna að hrista af sér haustslenið og drífa sig af stað fyrir jólin – hlakka til að heyra frá ykkur

Áhugasamir hafi samband í síma 861-2686 eða á netfangið [frejja-fanndal@hotmail.com](mailto:frejja-fanndal@hotmail.com)

Freyja Fanndal Sigurjónsdóttir  
IAK Einkaþjálfari



Vetrarstarf kirkjukórs Hrunaprestakalls er hafið og er margt skemmtilegt á dagskrá hjá okkur í vetur. Auk þeirra góðu stunda við messusöng þá stendur til að vera með aðventutónleika í Skálholti ásamt fleiri kirkjukórum úr uppsveitunum.

Kórinn vill endilega bæta við söngfólki og verða næstu tvær æfingar opnar öllum þeim er áhuga hafa á því að syngja með.

Við æfum á fimmtudagskvöldum kl. 20.30 í Félagsheimilinu.

Með söngkvedju.

Stjórn kirkjukórs Hrunaprestakalls

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði  
*Andlitsbað*      *Húðhreinsun*  
*Litun og plokkun*    *Handsnyrting*  
*Fótsnyrting*    *Förðun*    *Vaxmeðferðir*  
*Tímabantanir í síma 566-8342*  
*og 856-1599(Hlíf)*

# Rafgirðingarefni

Höfum tekið að okkur einkaumboð á Íslandi fyrir  
Rutland rafgirðingarefni sem er þrautreynt hér á landi

## Kynningarafsláttur

**Rutland**<sup>™</sup>  
Electric Fencing



**480 5600**  
**landstolpi.is**

**LANDSTÓLPI** 

## Flúðaskóli 80 ára

Í tilefni 80 ára afmælis Flúðaskóla er ykkur boðið í afmælisfögnuð í skólanum okkar föstudaginn 30. október. Afmælið hefst kl. 12:30 með hátíðardagsskrá í Félagsheimilinu þar sem m.a koma fram fyrrverandi og núverandi nemendur Flúðaskóla og fleiri gestir. Að því loknu er gestum boðið að skoða skólann þar sem til sýnis verða margvísleg verkefni eftir nemendum skólans í tilefni afmælisins og í boði verður afmælistaka og kaffi.

Afmælið stendur til 15:00.

Hlökkum til að sjá ykkur

Nemendur og starfsfólk Flúðaskóla

---

### Myndasýning 10. bekkjar í Flúðaskóla – Danmerkurferð 2009.

10. bekkur í Flúðaskóla fór til Danmerkur nú í upphafi skólaárs. Við heim-sóttum Grantofteskolen í Ballerup og skoðuðum ýmsa áhugaverða staði í Kaupmannahöfn. Um leið og við þökkum kærlega fyrir allan stuðning og hjálp sem samfélagið hefur veitt okkur, langar okkur til að leyfa öllum að sjá hvað við vorum að gera og vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta á myndasýningu hjá okkur sem verður í **Flúðaskóla, þriðjudaginn 20. október kl. 20.00.**

**Allir** velkomnir og þá sérstaklega þeir sem hafa styrkt okkur til fararinnar.

Ömmur, afar, systkini, mamma, pabbi, frænkur, frændur og vinir!

Látið sjá ykkur.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest kl. 20:00,

þriðjudaginn 20. október í Flúðaskóla.

Kveðja, 10. bekkur í Flúðaskóla.

Starfsmaður frá Kaupþingi á Selfossi mun hafa viðveru á Flúðum annan þriðjudag í hverjum mánuði. Næsta viðvera verður því þriðjudaginn 10. nóvember frá kl.13:00-16:00.

Nánari upplýsingar á Skrifstofu Hrunamannahrepps  
Kaupþing Selfossi



**Hjörleifur Ólafsson**

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

# DÓSIR DÓSIR DÓSIR

Vegna fyrirhugaðrar Danmerkurferðar næsta haust ætlar 9.bekkur í Flúðaskóla að safna dósum og flöskum til fjáröflunar eins og gert hefur verið síðastliðin ár.

Verðum á ferðinni annað slagið á næstu vikum og mánuðum, og vonumst til að íbúar taki vel á móti söfnunarfólkinu nú sem endranær

Með kveðju, 9.bekkur Flúðaskóla.

## Kórakvöld í Árnosi 16. október.

N.k. föstudagskvöld 16. október munu 5 - 6 kórar af Suðurlandi hittast í Félagsheimilinu Árnosi kl.:20:30

Söngur, samvera og veitingar.  
allir velkomnir - aðgangseyrir kr. 1000.

Vörðukórinn



## Tónleikar

Gunni Þórðar flytur eigin lög **órafmagnað**  
**í Félagslundi 23. október.**

Tónleikarnir hefjast kl 20:30-Húsið opnar kl 20:00

Kaffihúsastemming

Órafmögnuð sögustund

Einn ástsælasti lagahöfundur landsins síðustu fjóra áratugi stígur á  
stokk

í Félagslundi og flytur öll sín þekktustu lög

## **ROSAVERK ehf**

Múrbrot-malbikssögun

minigrafa-drenlagnir

Upplýsingar í síma:

824 4858 Rósi



# Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að tengja safnkost

Bókasafns Hrunamanna við Gegni. Gegni.is er bókasafnskerfi sem hýsir samskrá íslenskra bókasafna. Kerfið veitir aðgang að upplýsingum um safnkost flestra bókasafna landsins, t.d. háskólasafna, almenningssafna, sérfræðisafna og skólasafna. Á Bókasafni Hrunamanna er búið að tengja um 5000 safngögn við Gegni. Heilmikið verkefni er enn eftir, m.a. að tengja flest allar fræðibækurnar og hluta af barnabókadeildinni.

Þrátt fyrir að langt sé í land að lokið verði við að tengja allan safnkostinn þá var nú á haustdögum útlánaþáttur Gegnis tekinn í gagnid. Nú framvísa lánþegar rafrænu bókasafnsskírteini merktu Gegni. Skírteinin gilda í **1 ár** og því þarf að endurnýja þau á hverju ári. Við afhendingu skírteinis fá lánþegar úthlutað lykilorði sem gerir þeim kleift að fara inn á „Mínar síður“ í Gegni. Þar geta lánþegar m.a.:

- Séd hvaða bækur viðkomandi er með í láni og skiladagsetningu.
- Óskað eftir endurláni.
- Lagt inn frátektarbeiðnir / pantanir.
- Yfirlit yfir fyrri útlán.
- Yfirlit yfir gjaldfærslur.
- Breytt lykilorði við fyrstu innskráningu.
- Breytt notandaupplýsingum um sig, t.d. heimilisfangi, símanúmeri, netfangi o.s.frv.

Inn á heimasíðu Bókasafns Hrunamanna (<http://www.fludir.is/bokasafn/>), undir tenglinum „Hvað er ég með í láni?“ má finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig lánþegar geta farið inn á sitt svæði í Gegni.

**Lánþegar eru hvattir til að kynna sér þessa þjónustu og fara reglulega inn á sitt svæði í Gegni.**

Eftir sem áður er viðskiptavinum velkomið að hringja í bókasafnið og spyrjast fyrir um stöðu sína og/eða fá láni framlengt. Síminn er 486 6708.

Bókasafnið er opið:

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikud. Kl. 16-18**

**Fimmtudaga Kl. 16-18**

Gagnagrunnur íslenskra bókasafna



Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

**Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.**

**Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.**

**Lestrarstund er gæðastund J**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>

# Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Vetrarstarf fram að jólum:

- haustfundur 18. október
- Freyjusjóður
- aðventuhátíð
- jólafundur
- Barnaskemmtun
- námskeið

## **Haustfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps.**

**Komdu á haustfundinn okkar,  
sunnudaginn 18. október.**

**Ætlum að hittast á Kaffi—Seli**

**kl. 19.30 og borða saman áður en fundurinn sjálfur hefst.**

**Á boðstólum verða súpa, brauð og salat að hætti hússins.**

**Verð kr. 1100.-**

**Fundur hefst kl. 20.30 og þar verður ýmislegt skemmtilegt í boði,  
fyrir utan hefðbundin haustfundarstörf.**

- Inga Pýri Kjartansdóttir frá [Garn.is](http://Garn.is) mun koma og kynna vörur og þjónustu [Garn.is](http://Garn.is).
- Pakkauppboð
- Grín og glens

## **Kvenfélag Hrunamannahrepps**

---

### **Hrunaspjall.**

**Barnastarfið** hefur því miður ekki hlotið miklar undirtektir síðustu misserin.

Nú vil ég samt gera tilraun með að bjóða upp á samverur í Hrunakirkju og safnaðarheimili kl.11 á sunnudagsmorgnum í afmarkaðan tíma.

Næstu sex sunnudaga verður því sunnudagaskóli í Hruna, auðvitað fyrir allt prestakallið. Meðan kannað verður með undirtektir mun ég ekki kalla til aðstoðarfólk nema kannski að reyna að lokka krakka úr fermingarbarnahópnum til að leggja mér lið.

Planið fyrir næsta sunnudag er svona:

**Sunnudagur 18. október**

Kirkjuskóli í Hrunakirkju kl.11.

Messa í Hrunakirkju kl.14

# Samkaup strax

## Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-19:00
<b>Sunnudaga</b>	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps  
Opnunartími hreppsskrifstofu  
Mánudaga til föstudaga:  
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

**Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:**  
Mánudaga til föstudaga frá kl. 15:30-21:00

## Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga:	16:00-21:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga:	13:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

Taktu þér tak með  
Herbalife.  
Eva Marín Hlynisdóttir  
Sjálfstæður dreifingar-  
aðili Herbalife.  
[silja1@simnet.is](mailto:silja1@simnet.is) / 892  
16 6728



**Hár-Hrun**  
Klippi í Félagsheimili Hruna-  
manna  
Vinsamlegast pantið tíma  
í síma: 486-5535 og **899-9665.**  
Inga Birna.



# Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf  
Starfsfólk Flúðaleiðar

---

Til leigu í nágrenni Flúða 21 fm stofa með öllu innifalið, lögheimili leyft, ekki sumarbústaður. Aðgangur að eldhúsi með flestu í og baðherb með þvottaaðstöðu. Í leigu er innifalið hiti, rafm, internet, skattur, húsaleigusamningur ekki vísitala, alls kr 39.000kr á mán. Umsóknir 6901796 [gbg@post.com](mailto:gbg@post.com) athugið langtímaleiga og reglusemi og skilvísi er skilyrði

---

Jóгатímar.

Kenni jóga á fimmtudögum kl. 17.20 í gamla leikskólanum á Flúðum. Það er enn þá hægt að bætast í hópinn, 8 tímar eftir fyrir jól.

Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar hjá Aðalheiði í síma 8980677 eða 4866777

Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3  
Sími: 533 2211

**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



## Sölusýning og uppboð á folatollum á Flúðum

Ef þú ert að leita þér að hesti eða vilt selja hest, þá er tækifærið núna.

Föstudaginn 30.okt.2009 verður sölusýning í reiðhöllinni á Flúðum. Sýningin hefst kl. 18:00.

Einnig verður uppboð á folatollum til styrktar æskulýðsnefnd, spennandi folar í boði. Við ætlum okkur að hafa kvöldið sem skemmtilegast, allir velkomnir hvort sem þið viljið kaupa, selja eða bara skoða.



Hægt er að skrá hross á sýninguna hjá Coru og Manna.

Einnig geta þau tekið hross í undirbúningsþjálfun og sýnt fyrir þá sem vilja. Þau geta strax byrjað að taka á móti hrossum í þjálfun.

Á móti skráningum taka Manni og Cora:

Cora S: 8446967 [jovanna@gmx.de](mailto:jovanna@gmx.de)

Manni S: 8990772 [langholtskot@hotmail.com](mailto:langholtskot@hotmail.com)

Síðasti skráningardagur á sýninguna er þriðjudagurinn 27.10.09.



Nokkrar myndir  
úr Eftirsafninu,

Ljósm:  
Esther Guð-  
jónsdóttir

Sr.Eiríkur  
Jóhannsson  
prófastur í  
Hruna við  
altaristöfluna í  
Hrepphóla-  
kirkju, en hún  
er máluð af  
Ásgrími Jóns-  
syni árið 1924



Sóknarnefnd  
Hrepphóla-  
kirkju ásamt  
vígslubiskupi  
sr.Sigurði  
Sigurðarsyni  
og sr.Eiríki  
Jóhannssyni  
og sr. Axel  
Árnasyni

Stefán Krist-  
jánsson  
fv.bóndi í  
Götu heilsar  
upp á sr.  
Sigurð Sig-  
urðarson  
vígslubiskup  
Skálholts-  
stiftis

